

40. fundur skipulags og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps haldinn að Breiðabliki 18. Janúar 2022 kl 15:30.

Mættir: Atli Sveinn Svansson boðaði forföll, Halldót Jónsson, Harpa Jónsdóttir, Kristín Þorleifsóttir sviðsstjóri / skipulagsfulltrúi, Fannar Þór Þorfinnson byggingarfulltrúi og Eggert Kjartansson.

Halldór setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi tekið fyrir.

1. Kynning á nýju fyrirkomulagi vegna skipulags og byggingamála. Gerður var samstarfssamningur milli Grundafjarðar, Helgafellssveitar, Stykkishólms og Eyja- og Miklaholtshrepps um skipulags og byggingarmálin. Kristín og Fannar kynntu sig fyrir nefndinni og fóru yfir fyrirkomulag verkefnisins.
2. Deiliskipulag tengivirkis við Vegamót.
Skipulags- og byggingarnefnd samþykkir fyrir sitt leiti tillögu að deiliskipulagi fyrir tengivirki við Vegamót sbr. 3.mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og leggur jafnframt til við sveitarstjórn að tillagan verði samþykkt og send Skipulagsstofnun til staðfestingar í samræmi við 42. gr. skipulagslaga.

Ekki fleira gert